




Ársreikningur 2022

25. apríl 2023




Frávik frá áætlun með viðaukum





Samanburður rekstrar milli ára 2021 og 2022






Samstæðureikningur

- Rekstrartekjur

- Rekstrartekjur samstæðu á árinu 2022 námu samtals kr. 10.086 m.kr. og aukast um 7% milli ára.
- Þar af hækkar útsvar og fasteignaskattar um rúmar 480 m.kr. eða sem nemur 8,6%.
- Framlög jöfnunarsjóðs hækka um tæpar 187 m.kr. (12,1%) og aðrar tekjur lækka um 5 m.kr. (-0,2%).
- Meðaltekjuvöxtur kaupstaðarins á árunum 2015-2022 nemur 8,3% og er því tekjuvöxtur ársins (7%) lítillega undir meðaltali síðustu ára.






Samstæðureikningur

• Rekstrargjöld

- Rekstrargjöld samstæðu á árinu 2022 námu samtals, að meðtöldum afskriftum, kr. 10.520 m.kr. og aukast um 13,4% milli ára.
- Þar af hækka launagjöld án lífeyrisskuldbindinga um 741 m.kr. eða sem nemur 12,5%.
- Lífeyrisskuldbinding lækkar um 31 m.kr. eða sem nemur 5,8% og annar rekstrarkostnaður hækkar um 457 m.kr. (17,8%). Afskriftir aukast um 75 m.kr. milli ára eða 28,6%.
- Rekstrargjöld, án afskrifta, aukast því um kr. 1.167 m.kr. milli ára en rekstrartekjur aukast á sama tíma um 662 m.kr. og eru því rekstrargjöld að aukast um 505 m.kr. umfram rekstrartekjur á tímabilinu.






Samstæðureikningur

- Rekstrarafkoma

- Rekstrarafkoma fyrir óreglulega liði er neikvæð sem nemur 157 m.kr. á árinu 2022 en var jákvæð sem nam 309 m.kr. á árinu 2021.
- Á árunum 2019 til og með 2021 var rekstrarafkoma jákvæð, fyrir óreglulega liða, að meðaltali 303 m.kr.
- Talsverð sveifla hefur verið á hlutfalli rekstrarafkomu af rekstrartekjum en var það jákvætt um 3,3% á árinu 2021 en er nú neikvætt um 1,6% fyrir árið 2022. Á árunum 2019 til og með 2021 er hlutfallið að meðaltali 3,6%.






Samstæðureikningur

- Rekstrarafkoma

- Rekstrarafkoma, að teknu tilliti til óreglulegra liða, er neikvæð sem nemur 101,3 m.kr. á árinu 2022.
- Óreglulegir liðir á árinu 2022 voru samtals tekjur að fjárhæð 55,6 m.kr. Er það tilkomið vegna gatnagerðartekna v. þéttingu byggðar sem námu 96,6 m.kr. og vegna meiriháttar viðhalds í B-hluta 41 m.kr.
- Rekstrarafkoma, að teknu tilliti til óreglulegra liða, á árinu 2021 nam 578 m.kr. en þar voru óreglulegir liðir 269,4 m.kr.






Samstæðureikningur

• Þróun efnahagsreiknings


- Heildareignir í árslok nema 16.468 m.kr. og hækka því um 917 m.kr. milli ára.
- Þar af aukast fastafjármunir um 1.661,5 m.kr. og skammtímakröfur hækka um 22 m.kr.
- Handbært fé lækkar um 766 m.kr.
- Skuldir og skuldbindingar samstæðu í árslok nema 7.280 m.kr. en þær hækka um 763 m.kr. milli ára.
 - Skuldir við lánastofnanir eru í árslok 769,2 m.kr. og lækka um 149,3 m.kr.
 - Lífeyrisskuldbinding nemur í árslok 4.183 m.kr. en hún hækkar um 267,8 m.kr. frá fyrra ári.
- Eigið fé í árslok nemur 9.188 m.kr. og er eiginfjárlutfall í árslok 56% og lækkar því um 2 % stig frá fyrra ári.





Samstæðureikningur

- Þróun lífeyrisskuldbindingar
 - Lífeyrisskuldbinding nemur í árslok 4.184 m.kr. og hækkar um 267,8 m.kr. frá fyrra ári.
 - Á árinu 2022 var greitt inn á lífeyrisskuldbindingu 207,3 m.kr. eða 166 m.kr. minna en á árinu 2021.






Samstæðureikningur



• Sjóðstreymi

- Handbært fé frá rekstri á árinu nemur 1.470 m.kr. og hækkar því um rúmar 393 m.kr. milli ára eða sem nemur 36,5%.
- Fjárfestingarhreyfingar tímabilsins nema tæpum 1.781 m.kr. og hækkar því um 1.019 m.kr. milli ára. Þar af nemur fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum 1.534 m.kr.
- Fjármögnunarhreyfingar tímabilsins eru neikvæðar sem nemur 456 m.kr. Þar af námu afborganir langtímalána 208 m.kr. og greidd lífeyrisskuldbinding 207 m.kr.
- Handbært fé í árslok nemur 805 m.kr. en nam 1.571 m.kr. í árslok 2021 og hefur því lækkað um rúmar 766 m.kr. milli ára eða sem nemur 48,2%.







Veltufé frá rekstri






Fjárfestingar A og B hluta





Samstæðureikningur

- Lykiltölur
- Fjárhagsleg viðmið sveitarfélaga
 - Rekstarjöfnuður lækkar skarpt á árinu enda er tap á rekstrinum í fyrsta sinn í nokkur ár. Hann er þó enn jákvæður og nemur 610 m.kr. í árslok 2022.
 - Samanlögð rekstrarafkoma síðustu þriggja ára fyrir óreglulega liði, þ.e. meðal annars uppgjör á lífeyrisskuldbindingum, nemur samtals 131 m.kr. samanborið við 908 m.kr. í lok árs 2021.
 - Skuldaviðmið, þ.e. heildarskuldir og skuldbindingar A- og B- hluta sem hlutfall af reglulegum tekjum nema í árslok 2022 39% en hámarkið er 150%.






Samstæðureikningur

- Lykiltölur

- Skuldahlutfall, hækkar í fyrsta sinn í fimm ár, þ.e. skuldir sem hlutfall af rekstrartekjum hafa farið markvisst lækkandi frá árinu 2016 þegar það nam 99% en hlutfallið stendur nú í 72%.
- Eiginfjárlutfallið hefur að sama skapi farið hækkandi, frá því að standa í 55% í lok árs 2016 yfir í það að standa í 58% í árslok 2021 en lækkar lítillega á síðasta ári í 56%.

Þróun lykilstærða






Samstæðureikningur

- Lykiltölur

- EBITDA framlegð hefur verið að minnka undanfarin ár en EBITDA framlegð nam 11,6 % árið 2017.
- EBITDA framlegð á árinu 2022 nemur -0,9% en á árinu 2021 nam það 4,4%.
- EBITDA framlegð á árunum 2017 til 2021 nam að meðaltali 5,8% og er því EBITDA framlegð ársins 2022 töluvert undir meðaltali árána á undan og neikvæð í fyrsta sinn á tímabilinu.
- EBITDA framlegð var áætluð um 1% í fjárhagsáætlun með viðaukum.






Samstæðureikningur

- Lykiltölur

- Veltufjórhlutfall, þ.e. veltufjórmunir sem hlutfall af skammtímaskuldum, nemur 1,0 í árslok 2022 hjá samstæðunni. Hlutfallið lækkaði verulega á árinu og er töluvert undir meðaltali veltufjórhlutfalls áráanna 2017 til og með 2022 sem nemur 1,8.
- Veltufjórhlutfall sýnir sem fyrr hæfi samstæðunnar til að inna af hendi nauðsynlegar greiðslur næstu 12 mánuðum og ætti helst ekki að vera lægri en 1,0 til lengri tíma litið.

Þróun veltufjórhlutfalls






A - hluti

• Rekstrartekjur


- Útsvör og fasteignagjöld hækkuðu um 481 m.kr. frá árinu 2021 og eru 6.080 m.kr. á árinu 2022. Það 8,6% hækkun milli ára.
- Síðustu ár hefur dregið úr vexti á útsvari og fasteignasköttum milli ára en eykst aftur milli 2020-2021 en er nokkuð góður milli 2021 og 2022 þó lítillega hafi dregið úr honum á milli ára.
 - 2017-2018 : 10,16%
 - 2018-2019 : 6,14%
 - 2019-2020 : 4,08%
 - 2020-2021 : 10,16%
 - 2021-2022 : 8,6%
- Framlög Jöfnunarsjóðs hafa farið hækkandi frá árinu 2021 en árin á undan höfðu þau lækkað. Framlöggin námu 1.734 m.kr. á árinu 2022 og hækkuð því um 187 m.kr. milli ára eða um 12,1%.
- Aðrar tekjur lækka um 38 m.kr. frá árinu 2021 og eru 1.033 m.kr. á árinu 2022. Það er lækkun um 3,6%.





A - hluti


- Laun og launatengd gjöld
 - Á árinu 2022 voru launagjöld utan lífeyrisskuldbindingar alls 5.575 m.kr. en lífeyrisskuldbinding nam 501 m.kr.
 - Hlutfall launa með lífeyrisskuldbindingu var 68,7% sem hlutfall af rekstrartekjum en hlutfall launa án lífeyrisskuldbindingar var 63%.
 - Launagjöld hækka um 626 m.kr. frá árinu 2021 eða um 12,7%. Launavísitala á árinu 2022 hefur hækkað um 8,6%.
 - Laun og launatengd gjöld hafa hækkað um 1.841 m.kr. frá árinu 2018 eða um 49,3%. Launavísitala frá 2018 hefur hækkað um 42,7%.





A - hluti


- Annar rekstrarkostnaður
 - Á árinu 2022 var annar rekstrarkostnaður 2.899 m.kr. eða 32,8% hlutfall af rekstrartekjum.
 - Annar rekstrarkostnaður hækkar um 453 m.kr. frá árinu 2021 eða um 18,5%. Vísitala neysluverðs á árinu 2022 hefur hækkað um 9,9%.
 - Annar rekstrarkostnaður hefur hækkað um 1.150 m.kr. frá árinu 2018 eða um 65,8%.





Málefni fatlaðra

- Rekstrarafkoma 2011-2022
 - Á árinu 2018 kemur inn aukaframlag frá Jöfnunarsjóði og er því rekstrarafkoma jákvæð sem nemur 131 m.kr. það árið.
 - Á árinu 2022 er rekstrarniðurstaða neikvæð sem nemur 364 m.kr. eða 120 m.kr. meiri halli en á árinu 2021.
 - Á árinu 2022 eru gjöld 227 m.kr. hærra en á árinu 2021 og tekjur 107 m.kr. hærra en á árinu 2021.
 - Uppsafnaður rekstrarhalli Akraneskaupstaðar af málefnum fatlaða frá árinu 2011 við tilfærslu málaflokksins frá ríkinu til sveitarfélaga er 1.037 m.kr.





Sjóðir A - hluta

- Aðalsjóður
 - Hlutverk Aðalsjóðs er umsjón með hefðbundinni starfsemi sveitarfélagsins er lýtur fyrst og fremst að lögbundnum verkefnum þess og heyrir sjóðurinn beint undir sveitarstjórn. Starfsemi Aðalsjóðs er að mestu fjármögnuð af skatttekjum.
 - Rekstrartekjur ársins námu 8.921 m.kr. og eru því tæpum 613 m.kr. hærri en áætlanir með viðaukum gerðu ráð fyrir, mismunurinn liggur aðallega í aukningu á öðrum tekjum eða 226 m.kr. hærri tekjum en áætlun með viðaukum gerði ráð fyrir og vegna hærri framlaga frá Jöfnunarsjóðir en greiðslur voru 226 m.kr. hærri en áætlanir gerðu ráð fyrir.
 - Rekstrargjöld tímabilsins námu 9.405 m.kr. en áætlanir höfðu gert ráð fyrir rekstrargjöldum að fjárhæð kr. 8.632 m.kr. og voru rekstrargjöld því samtals 773 m.kr. yfir áætlun tímabilsins.
 - Rekstrarafkoma, fyrir fjármagnsliði, er neikvæð sem nemur 483,9 m.kr.
 - Fjármagnstekjur, umfram fjármagnsgjöld, námu 994,7 m.kr. og er því rekstrarniðurstaða ársins fyrir óreglulega liði jákvæð sem nemur 510,8 m.kr. en áætlanir höfðu gert ráð fyrir jákvæðri rekstrarafkomu að fjárhæð 341,7 m.kr. í rekstrarafkomu tímabilsins.
 - Eignir í árslok nema 15.531 m.kr. og skuldir og skuldbindingar nema samtals 6.038 m.kr. Eigið fé nemur því 9.492 m.kr.






Aðalsjóður

- Ráðstöfun skatttekna til málaflokka
 - Hlutfallslega fer hæsta hlutfall skatttekna í fræðslu og uppeldismál eða sem nemur 46,5% af heildarskatttekjum Aðalsjóðs.
 - Þar næst kemur Félagsþjónustan með 23,4% af heildarskatttekjum Aðalsjóðs en á árinu 2021 var hlutfallið 21%.
 - Áfallin lífeyrisskuldbinding nemur 6% af heildarskatttekjum Aðalsjóðs og Æskulýðs- og íþróttamál er með 11,6% af heildskatttekjum Aðalsjóðs.
 - Sameiginlegur kostnaður er með 7,2% sem hlutfall af heildarskatttekjum Aðalsjóðs.

Ráðstöfun skatttekna til málaflokka





Sjóðir A - hluta

- Eignasjóður
 - Eignasjóður er alfarið í eigu Akraneskaupstaðar og hefur með höndum umsýslu fastafjármuna sem nýttir eru fyrst og fremst af aðalsjóði sveitarfélagsins. Eignasjóður annast meðal annar framkvæmdir, nýbyggingar, rekstur fasteigna og annarra mannvirkja fyrir hönd Akraneskaupstaðar.
 - Rekstrartekjur sjóðsins námu 1.060,6 m.kr. á árinu og rekstrargjöld sama tímabils námu 1.026,1 m.kr. Fjármagnsliður voru neikvæðir að fjárhæð 476 m.kr. Óreglulegir liðir voru tekjur að fjárhæð 96,6 m.kr. og komu til vegna gatnagerðargjalda v. þéttingu byggðar. Rekstrartap nam 345 m.kr.
 - Eignir í árslok námu 4.867 m.kr., skuldir á sama tíma námu 4.241 m.kr. og Eigið fé nam 626 m.kr.
- Fasteignafélag Akraneskaupstaðar slf.
 - Félagið er að fullu í eigu Akraneskaupstaðar, 99% með beinni eignaraðild og 1% í eigu einkahlutafélags sem kaupstaðurinn á einnig að fullu.
 - Tilgangur félagsins er að eiga og reka fasteignir, stunda eignaumsýslu ásamt tengdum rekstri.
 - Rekstrartekjur ársins námu 166,8 m.kr., rekstrargjöld á sama tímabili námu 153,6 m.kr. Fjármagnsliðir voru neikvæðir að fjárhæð 228,3 m.kr. Rekstrartap tímabilsins nam 215,1 m.kr.
 - Eignir í árslok námu 3.170 m.kr., skuldir á sama tíma námu 2774 m.kr. Eigið fé í árslok nam 396 m.kr.
- Byggðasafnið í Görðum
 - Hlutverk byggðasafnsins er að safna, skrásetja, varðveita, forverja og rannsaka minjar um menningar- sögu þjóðarinnar og kynna þær almenningi. Byggðasafnið er sameignarfélag og hlutur Akraneskaupstaðar er 90%.
 - Rekstrartekjur ársins námu 66,7 m.kr., rekstrargjöld tímabilsins námu 72 m.kr. Rekstrarniðurstaða er neikvæð sem nemur 5,1 m.kr.
 - Eignir í árslok námu 81,8 m.kr., skuldir á sama tíma námu 8,6 m.kr. og Eigið fé nam 73,1 m.kr.





Sjóðir B - hluta

- Fasteignafélag Akraneskaupstaðar ehf.
 - Félagið er að fullu í eigu Akraneskaupstaðar en óverulegur rekstur er í félaginu en markmið þess er að efla íþróttastarfsemi innan Akraneskaupstaðar.
 - Tap af rekstri félagsins nam 34 þ.kr. á árinu. Eignir í árslok námu 292.048 kr., skuldir námu 0 kr. og nam eigið fé í árslok 292.048 kr.
- Gáma
 - Gáma er að fullu í eigu Akraneskaupstaðar, félagið sér um rekstur móttökustöðvar fyrir sorpúrgang íbúa á Akranesi.
 - Rekstrartekjur félagsins námu 97,6 m.kr. og tap af rekstri félagsins nam 3,6 m.kr. á árinu.
 - Eignir í árslok námu 33,5 m.kr. og heildarskuldir 32,2 m.kr.
 - Eigið fé í árslok var jákvætt um 1,3 þ.kr.
- Háhiti ehf.
 - Háhiti ehf., er að fullu í eigu Akraneskaupstaðar og er tilgangur félagsins iðnaðarframleiðsla, innflutningur, smásala og heildsala, rekstur fasteigna og lánastarfsemi.
 - Tap af rekstri Háhita á árinu nam 209.234 kr. Eignir félagsins í árslok námu 50.200 kr. og skuldir 2.303.272 kr. Eigið fé var neikvætt um 2.253.072 kr.
- Höfði hjúkrunar- og dvalarheimili
 - Eignarhluti Akraneskaupstaðar í Höfða hjúkrunar- og dvalarheimili nemur 90%.
 - Tekjur Höfða námu 1.337 m.kr. á árinu, gjöld sama tímabils námu 1.325 m.kr. og rekstrartap tímabilsins var 42,6 m.kr.
 - Eignir í árslok námu 686 m.kr. og skuldir námu 459,6 m.kr. Eigið fé nam 226 m.kr.





Höfði

- Rekstrarafkoma Höfða 2015-2022

- Á árinu 2016 var rekstrarafkoma fyrir óreglulega liði neikvæð um 32,7 m.kr. Lífeyrisskuldbinding var yfirtekin af ríkissjóði og eignaraðilum að fjárhæð 924,8 m.kr. og var það rekstrarafkoma jákvæð um 892,1 m.kr.
- Árið 2018 náðist hagnaður af rekstri en rekstrarafkoma var jákvæð um 5,2 m.kr.
- Á árinu 2022 var rekstrartap Höfða 42,6 m.kr.
- Tekjur voru um 10 m.kr. hærrí en áætlanir með viðaukum gerðu ráð fyrir og rekstrargjöld um 6 m.kr. lægri en áætlanir gerðu ráð fyrir. Meginskýring á neikvæðri afkomu ársins skýrist af kostnaði við viðhald fasteignar en hann nam 41 m.kr. á árinu

